

USB-gagnatengi

pöntunar-nr. : 2014 00

USB-gagnatengisgrunneining

pöntunar-nr. : 2024 00

notkunnarleiðbeining**1 Öryggisleiðbeiningar**

Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.

Hætta vegna raflosts. Við uppsetningu og frágang lagna skal fara eftir þeim reglum og stöðlum sem eiga við um smáspennustraumrásir (SELV).

Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

i Frekari upplýsingar um þetta tæki er að finna í notkunarleiðbeiningunum á vefsíðu okkar.

2 Aðgerð**Kerfisupplýsingar**

Þetta tæki er vara úr KNX-kerfinu og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans. Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með KNX-vottuðum hugbúnaði. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsíðu okkar.

Rétt notkun

- Tenging tölvu við KNX-kerfi
- Vistföng, forritun og bilanagreining á KNX-tækjum
- Samhæft við KNX Data-Secure-vörur
- Long Frame-stuðningur fyrir ETS5
- Innfellt tæki: Til uppsetningar í tengidós samkvæmt DIN 49073
- Tæki á DIN-skinnu: Sett upp á DIN-skinnu í greinitöflu samkvæmt DIN EN 60715

Eiginleikar tækis

- Tenging með tengiklemmu
- Galvanískur aðskilnaður KNX og USB
- Nota má tækið tímabundið áður en það er sett upp
- Hægt er að sækja uppfærslur á fastbúnaði í ETS-gagnabankann og setja þær upp í gegnum USB-gagnatengið
- Tækið fær rafmagn eingöngu um USB-tengið


i Án tengingar við tölvu eða USB-fjöltengi getur Bus ekki fundið tækið.

3 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja**HÆTTA!**

Lífshætta vegna raflosts.

Breiðið yfir nálæga spennuleiðandi hluti,

Tækið sett upp á DIN-skinnu og tengt



mynd 1

- (1) KNX-tengi
- (2) USB-tengi
- (3) Loka


i Lokan festir USB-tengisnúruna og tryggir að nauðsynlegri uppsetningarhæð í töflunni sé haldið.

- Setjið tækið upp á DIN-skinnu með tengiklemmurnar niður.
- Tengid Bus-leiðsluna með tengiklemmu (1).

Einnig er hægt að tengja USB-tengisnúruna varanlega:

- Takið lokuna (3) úr lás með því að draga enda handfangsins fram. Dragið lokuna úr.
- Stingið USB-tengisnúrunni í tengið (2).
- Setjið lokuna (3) aftur í þannig að hún skorðist greinilega.

Innfellt tæki sett upp og tengt



mynd 2

- (1) KNX-tengi
- (2) USB-tengi
- (4) Tengidós
- (5) Rammi (aukabúnaður)
- (6) Lok fyrir TAE og USB (aukabúnaður)

Uppsetning í innfelldri eða utanálíggjandi tengidós

- Tengid Bus-leiðsluna með tengiklemmu (1).
- Komið tækinu fyrir í tengidósinni (4).
- Setjið rammann (5) á tengidósina.
- Setjið lokið fyrir TAE og USB (6) á.

Forritun á raunvistfangi

USB-gagnatengin eru eingöngu forrituð með raunvistfangi staðbundið í gegnum tengda tölvu og eru af þessum sökum ekki með forritunarhnapp og forritunarljós. Raunvistfangið verður að samræmast KNX-línunni sem það er tengt við.

- Tengid tölvu við tækið.
- Forritið raunvistfang.
- Skrifa raunvistfang á tækið.

4 Tæknilýsing

KNX

Málsþenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
KNX-miðill	TP256
Öryggisflokkur	II
Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-25 ... +70 °C

Ísetningarbreidd

pöntunar-nr 2014 00	36 mm / 2 breiddareiningar
pöntunar-nr 2024 00	—

USB

USB-tengi	B-gerð
USB-útgáfa	2.0
Leiðslulengd	hám. 5 m

5 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de